

LOGO UST

LOGO heilbrigðiseftirlits

Númerslaus ökutæki

Verklagsreglur um númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og lausamuni

Heilbrigðisnefndir hafa heimild til að fjarlægja númerslaus ökutæki, bílflok, kerrur (þ.m.t. eftirvagna), vinnuvélar og lausamuni sbr. ákvæði í gr. 21 í rlg. nr. 941/2002 um hollustuhætti og 4. mgr. 17. gr. í rlg. nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisfulltrúar skulu bregðast við ábendingum um númerslaus ökutæki sem berast frá starfsmönnum sveitarfélaganna, íbúum, gestum þeirra, vegfarendum eða á eftirlitsferðum sínum um umdæmið. Hver ábending er skráð niður og skoðuð við fyrsta hentugleika og gripið er til aðgerða ef tilefni til.

Vinna á vettvangi

Heilbrigðisfulltrúi gengur úr skugga um að ökutækið sé númerslaust, staðsett á landi sveitarfélags eða almannaþæri þ.e. utan einkalóða og að ástand þess, útlit og lagning sé samkvæmt þessum verkferli HES um númerslaus ökutæki, bílflok, kerrur og vinnuvélar. Þessar reglur gilda líka um bílflok, kerrur, vinnuvélar og lausmuni.

1. Á vettvangi skal skrá eftirfarandi upplýsingar á sérstak eyðublað eða það form sem viðkomandi heilbrigðiseftirlit notar (t.d. í tölvu). Dagsetning eftirlits, tími, staðsetning tækis eða lausamunar, tegund og litur. Aðrar athugasemdir skulu einnig skráðar telji heilbrigðisfulltrúi ástæðu til þess.
2. Tilkynningarmiði (álímingamiði) er útfylltur með dagsetningu álímingar og dagsetningu á fresti til að fjarlægja tækið eða lausamuninn. Frestur til að bregðast við álímingu skal að jafnaði vera tvær vikur frá dagsetningu álímingar en getur verið lengri að mati heilbrigðisfúlltra, komi fram málefnaleg sjónamið varðandi lengingu frests. Sé veittur styttri frestur en tvær vikur, skal það rökstutt á tilkynningamiða. Tilkynningarmiði skal límdur á ökutækið eða lausamuni þar sem heilbrigðisfulltrúi telur að mestar líkur séu á því að hann sjáist.
3. Heilbrigðisfulltrúi skal taka myndir af ökutæki eða lausamunum sé það mögulegt, að framan og aftan á ökutækinu þannig að númerastæði sjáist autt. Myndir skulu teknar af tilkynningarmiðanum álímdum á ökutækið ásamt öðrum myndum sem geta komið að gagni við málið, t.d. sjáanlegum skemmdum á ökutækinu, mengun sem það veldur o.þ.h.
4. Ef tæki (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) er staðsett á skilgreindri einkalóð og veldur mengunar hættu fyrir umhverfið eða slyshættu, að mati heilbrigðisfulltrúa, skal heilbrigðisfulltrúi kanna hjá húseigendum hver sé eigandi þess.
5. Ef ekki fást svör við fyrirspurnum um hver sé eigandi tækis (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) er lagt til að eiganda/ábyrgðaraðila lóðar sé sent kröfubréf um fjarlægingu þess innan ákveðins frests ásamt upplýsingum um að lóðarhafi beri kostnað við fjarlægingu þess, ef ekki er brugðist við kröfu um fjarlægingu.
6. Í kröfubréfi skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir), sbr. liði nr. 1. - 4.

Frágangur og skráning í gagnagrunn HES

1. Vettvangsskráningar ásamt myndum skal færa í gagnagrunn HES og skrá og vista í samræmi við verklagsreglur þar um hjá viðkomandi HES.
2. Færa skal inn upplýsingar um tækið (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) inn á eyðublað til viðkomandi verktaka ásamt þrem myndum (einni að framan, einni að aftan og eina af álímingamiða) af því. Skjalið skal heita samkv. eftirfarandi: *Sveitarfélag, Heimilsfang, Hverfi, Tegund, Litur.*

3. Verði eigandi ekki við kröfu um að fjarlægja tækið (ökutæki, vinn vél, kerra, lausamunir) innan tiltekins frests er send beiðni á verktaka á vegum heilbrigðiseftirlitseftirlits um að fjarlægja tækið. Skrá skal athugasemdir og upplýsingar til verktakans eigi það við. Kostnaður við fjarlægingu á tæki fellur á eiganda.

Frestir

Hafi eigandi tækisins (ökutæki, vinn vél, kerra, lausamunir) eða eigandi/ábyrgðaraðili lóðar samband og óski eftir lengri fresti er heimilt að gefa hann, ef beiðnin er rökstudd með málefnalegum hætti. Lengri frestur er skráður í gagnagrunn HES ásamt ástæðum fyrir því að hann er veittur. Upplýsingar um lengri frest skal einnig senda til viðkomandi verktaka.

Annað

Öllum erindum vegna númerslauss ökutækis, vinnvéla, kerra, lausamuna, s.s. símtöl, samtöl, tölvupóstar o.þ.h. skal færa í gagnagrunn viðkomandi HES.

Málsskotsréttur

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits vísast í 60. og 61. gr. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir Heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.